

Greinargerð kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir aðalfund 2024.

Kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórn Lánasjóðsins setur henni og eru í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (LSF) útgefnar af Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands og Kauphöll (www.leidbeiningar.is).

Í samræmi við þetta hefur Lánasjóðurinn birt viðeigandi upplýsingar á heimasíðu félagsins í aðdraganda aðalfundarins.

Stjórn Lánasjóðsins skipaði Magnús B. Jónsson (formann), Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur og Rósu Guðbjartsdóttur í kjörnefnd á fundi 25. janúar 2024.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins fyrir hönd kjörnefndar sendi öllum sveitarstjórnnum bréf þar sem óskað var eftir framboðum eða tilnefningum til stjórnar fyrir kl 12.00 miðvikudaginn 21. febrúar 2024. Framboð eða tilnefningar bárust frá tíu aðilum til setu í stjórn og varastjórn þar af buðu fjórir af fimm kjörnum aðalmönnum í stjórn sig fram. Þess ber að geta að Elliði Vignisson óskaði eftir að láta af stjórnarmennsku í lok síðasta árs og Fjóla St. Kristinsdóttir tók hans sæti. Hún bauð sig einnig fram til aðalmanns í stjórn.

Kristinn Jónasson bauð sig einn fram til formanns stjórnar.

Við uppstillingu til stjórnar hefur sem fyrr verið leitast við að taka tillit til eðlilegs hlutfalls minni og stærri hluthafa sem og lögbundins kynjahlutfalls, landshlutasjónarmiða og þess pólitíska veruleika sem ríkir hjá sveitarstjórnnum á landsvísu.

Með fyrrgreind sjónarmið í huga er niðurstaða kjörnefndar eftirfarandi:

Þar sem Kristinn Jónasson Snæfellsbæ býður sig einn fram til formanns er hann sjálfkjörinn og leggur kjörnefnd til að aðalfundur staðfesti kjör hans.

Tillaga kjörnefndar um uppstillingu aðal og varamanna í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2024 er:

Aðalmenn:	Varamenn:
Kristinn Jónasson, stjórnarformaður, Bæjarstjóri Snæfellsbæjar	Helgi Hlynur Ásgrímsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlabyggð
Arna Lára Jónsdóttir, Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar	Íris Róbertsdóttir, Bæjarstjóri í Vestmannaeyjum
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri Fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar	Katrín Sigurjónsdóttir, Sveitarstjóri Norðurþings
Guðmundur B. Guðmundsson, F.v. formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar	Grímur R. Lárusson, sveitarstjórnarfulltrúi í Húnabyggð
Fannar Jónasson, Bæjarstjóri í Grindavík	Fjóla St. Kristinsdóttir, Bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Árborg

Ásamt því að gera tillögu að stjórn og varastjórn félagsins hefur Kjörnefnd það hlutverk að gera tillögu um fundarstjóra fyrir aðalfund félagsins.

Kjörnefnd leggur til að Árelía Eydís Guðmundsdóttir verði fundarstjóri aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga 14. mars 2024.

Tillögur Kjörnefndar voru aðgengilegar frá og með 1. mars 2024 á heimasíðu Lánasjóðsins undir www.lanasjodur.is/kjornefnd.

1. mars 2024

Kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga

Rósa Guðbjartsdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Magnús B. Jónsson